




Námskrá leikskólans Marbakka



Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Skólanámskrá	5
Sýn á nám leikskólabarna	5
Leikskólaperlan.....	6
Leiðarljós leikskóla	7
Sérstök hugmyndafræði – “vinnuaðferð Marbakka”	7
Sjálfstæði.....	8
Gleði.....	8
Sköpun	8
Lýðræði og mannréttindi	9
Jafnrétti.....	9
Leikur og nám.....	10
Námsumhverfi	10
Samþætt og skapandi leikskólastarf	10
Læsi og samskipti	11
Heilbrigði og vellíðan.....	11
Sjálfbærni og vísindi	12
Marbakki og umhverfið	12
Marbakki og samfélagið.....	12
Sköpun og menning.....	13
Mat á námi og velferð barna	14
Fjölskyldan og leikskólinn	14
Tengsl skólastiga.....	15
Starfsáætlun.....	15
Mat á leikskólastarfi.....	15
Innra mat í leikskólum.....	15
Ytra mat í leikskólum.....	16
Lokaorð	17

Formáli

Einkunnarorð leikskólans Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Í leikskólanum Marbakka er starfað eftir vinnuaðferð Reggio Emilia sem byggir á hugmyndafræði Loris Malaguzzi.

Loris Malaguzzi taldi mikilvægast að hlusta á börnin og er það ásamt sjónrænu uppeldi rauði þráðurinn í vinnu í anda RE. Börnin túlka umhverfið út frá sínu sjónarmiði, læra sjálfstæð vinnubrögð í uppgötvunarnáminu. Sýnin á barnið sjálft er aðalatriðið í leikskólastarfinu.

Í hugmyndafræðinni er sjónrænt uppeldi rauði þráðurinn í hinu daglega lífi í leik og starfi. Hugmyndasmiðurinn Loris Malaguzzi taldi mikilvægt að skilja samhengið að baki því sem barnið sér með eigin augum. Hann vill opna leiðina til þekkingar og gera hana að spennandi ævintýri sem barnið tekur sjálft þátt í. Börnin þurfa verkefni til þess að vinna úr, festa sér í minni reynslu sína og æfa sig í að tjá sig með einhverjum málanna sinna hundrað.

Malaguzzi sagði að börn fæddust með hundrað mál en frá þeim væru tekin 99. Ung börn tjá sig ekki með skrifuðum orðum og því er sköpun af öðrum toga mikilvægur tjáningarmáti.

Skólanámskrá

Námskrá leikskóla Kópavogs byggir á Aðalnámskra leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrá leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli sína skólanámská. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna
2. Að stuðla að skilvirkara starfi
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra

Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði.

Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Í leikskólanum Marbakka er velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Leita st er við að veita börnunum góða ummönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms og leikskilyrði. Námið í Marbakka er samþætt og fer fram í leik, samskiptum, skapandi starfi og hugsun, þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.


Í Marbakka nota kennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna þar sem horft er til lýðræðis og styrkleika barnanna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, virðingu, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust sem leggur grunn að námi barnanna.

Starfshættir Marbakka mótask af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf leikskólans Marbakka byggir á:

- [lögum um leikskóla](#),
- [aðalnámskrá leikskóla](#),
- [reglugerð um starfsumhverfi leikskóla](#),
- aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs, ([1 – 2ja ára](#), [3 – 4 ára](#), [5 ára börn](#))
- samþykktum bæjaryfirvalda, [Stefnu og framtíðarsýn](#)
- ýmsum stefnumótandi samþykktum – s.s. [jafnréttisstefnu](#), [umhverfisstefnu](#), [stefnu gegn einelti](#), [forvarnarstefnu Kópavogs](#).

Leikskólaperlan



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru : Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.


Leitast skal við að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í skólalífinu og samfélaginu. Í leikskólalífinu mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Sérstök hugmyndafræði – “vinnuaðferð Marbakka”

Í starfi Marbakka er stuðst við hugmyndafræði sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu, hún er aðlöguð að íslenskum aðstæðum, menningu og sérstöðu skólans hverju sinni.

Megináherslur í hugmyndafræðinni eru að bera virðingu fyrir getu barna og að þau **afli reynslu og þekkingar á eigin forsendum**, það er að þau noti tilfinningar, hreyfingar, sjónræna skynjun, leik, skapandi starf o.s.frv. Það að vera metinn að verðleikum gefur börnunum tilgang og stuðlar að sjálfsprottum áhuga þeirra. Sá sem trúir á og þekkir sjálfan sig á auðveldara með að takast á við lífið á opinn og sjálfstæðan hátt.

Í öllu starfi er lögð áhersla á barnið sjálft, persónuþroska þess og því hjálpað að gera sér grein fyrir tilveru sinni. Hver er ég? Hvað get ég? Hvernig er ég? Einnig er lögð áhersla á að börnin læri að uppgötva og nota líkama, látbragð, hreyfingar, mál, hugsun, tilfinningar og hugmyndaflug.



Áhersla er lögð á að **þroska öll skilningarvit**, örva börnin til að nota öll sín ”100 mál” þ.e.a.s. forvitni, ímyndunarafl, sköpunargleði, skynjun, hugsun o.s.frv. Með hjálp allra skilningarvita öðlast barnið reynslu, finnur, skilur og túlkar.



Til þess að verða **virkur og skapandi einstaklingur** í samfélaginu er börnunum kennt að skilgreina hlutina, sjá þá innan frá og frá öllum hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka í lokin afstöðu. Með þessu mótast gagnrýnin hugsun.

Mikilvægt er að gefa börnunum tíma til umræðna, hlusta á þau og setja sig inn í hugarheim þeirra. Skráning er hluti af starfinu þ.e.a.s. að skrifa niður frásagnir, ljóð sögur og samtöl barnanna. Ljósmyndir myndbandsupptökur o.s.frv.

heyra einnig til skráningar. Með því að skrá getum við komist nær börnunum til að skilja hvað þau eru að hugsa og uppgötva.

Starfsfólk leikskólans hefur mikilvægu hlutverki að gegna í öllu námi barna. Mikilvægt er að gefa starfsfólki kost á að njóta hæfileika sinna og að það fái tækifæri til að þróa sig í starfi.

Hugmyndafræði Reggio Emilia gerir ráð fyrir góðu foreldrasamstarfi og virkni foreldra í leikskólastarfinu þ.e.a.s. að þeir séu ekki aðeins þiggjendur heldur gæti að hagsmunum barnanna og leikskólans.

Einkunnarorð Marbakka eru **sjálfstæð, glöð og skapandi** börn.

Sjálfstæði

Til að virkja og efla og sjálfstæði barnanna eru þau hvött til að hjálpa sér sem mest sjálf í allri verkefnavinnu, matartímum og við að klæða sig í og úr þegar farið er út. Börnin eru studd til sjálfsaga, til að taka ábyrgð á eigin gerðum og fylgja eigin draumum og væntingum. Börnin eru hvött til að segja sínar skoðanir og taka sjálfstæðar ákvarðanir um hvað þau vilja eða vilja ekki. Hvert barn er sérstakt og eru þau studd til dáða í leit sinni að eigin sjálfstæði. Sjálfstætt barn tekur ákvarðanir út úr frá eigin forsendum.



Gleði



Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, til að börnin séu glöð í skólanum leitast kennarar við að ná góðum tengslum við börnin og við að skapa þeim aðstæður þar sem þau eru örugg. Ein af forsendum þess að börnin geti verið glöð og sýnt gleði er að þau séu í jákvæðum samskiptum við kennara og önnur börn. Glatt barn hefur trú á eigin getu, er áhugasamt, sýnir vilja og getu til að takast á við fjölbreytt verkefni og finnur fyrir ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.

Sköpun

Í Marbakka er leitast við að skapa umhverfi sem að örvar skynjun og sköpunarkraft barnanna. Skapandi starf snýst fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar tilfinningar, hugmyndir og ímyndun fær að njóta sýn. Börnunum er gert kleift að nota fjölbreytta tækni, nálgast



viðfangsefnin frá mismunandi hliðum og á eigin forsendum. Börnin eru hvött til sjálfstæðra vinnubragða og til að taka þátt í skapandi ferli með margvíslegum hætti eins og söng, myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Lýðræði og mannréttindi

Leikskóli er vettvangur þar sem lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem auka og efla lýðræðislegt samfélag. Börnin fá tækifæri til að hafa sínar hugmyndir, koma á framfæri skoðunum sínum og jafnframt leggja áherslu á að þau virði skoðanir annarra. Rödd barnanna, skoðanir og vilji er því sýnilegur í daglegu starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að kenna börnunum um gildi lýðræðis þannig að þau séu þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Í Marbakka er leitast við að nota uppeldisfræðilegar skráningar en þær byggja á því að skrá og túlka gerðir barnanna. Hún gerir kennurum leikskólans kleift að ígrunda reynslu barnanna með þeim sjálfum, foreldrum þeirra og samfélaginu í heild.

Markmið Marbakka er að gæta þess og tryggja að öll börn í leikskólanum fái notið leikskóladvalarinnar og að styrkleikar hvers barns séu nýttir. Með það að leiðarljósi er haldið sérsaklega vel utan um þau börn sem þess þurfa s.s börn með hin ýmsu þroskafrávik og hegðunarvanda. Marbakki hefur aðgang að sérfræðþjónustu leikskóla Kópavogs.

Stefna gegn einelti í leikskólum

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs

Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskólum Kópavogs. Jafnréttisstefna nær til námskrá leikskóla Kópavogs, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Jafnrétti

Hluti af mannréttindum felast í jafnrétti. Í leikskólanum Marbakka er stuðlað að gagnrýnni hugsun á hefðbundnum hugmyndum í samfélaginu.



Í leikumhverfi Marbakka er leitast við að allir hafi jafnan aðgang að ólíkum efnivið, að börnum séu sköpuð skilyrði til að efla sjálfsmynd, sjálfsvirðingu og samskiptahæfni óháð kyni. Þess er gætt að ekki sé ýtt undir staðalímyndir þegar kemur t.d. að vali á söngtextum og bókum.

Í Marbakka er starfað samkvæmt skóla án aðgreiningar. Skóli án aðgreiningar er staður þar sem öll börn geta verið virkir þátttakendur í samfélagi leikskólans óháð kyni, fötlun, getu, bakgrunni og þjóðerni.

Í leikskólanum Marbakka fá börnin tækifæri til að læra að leysa deilur á sem jákvæðastan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfið sitt. Margvísleg verkefni gefa börnum jafnan rétt á að nýta hæfileika sína til sköpunar á jákvæðan hátt.

Leitast er við innan leikskólans að börnin upplifi að bæði kynin vinni við sömu störf og tryggja jafnan rétt móður og föður í samskiptum við leikskólann þar með talin þátttaka í foreldraráði og foreldrafélagi.

Leikur og nám

Leikur er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Leikskólakennarar styðja við leik barna á margvíslegan hátt. Börnum er gefinn nægur tími og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka.

Námsumhverfi

Námsumhverfi Marbakka gefur margvísleg tækifæri til náms bæði innandyrna sem utan. Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn. Umhverfið getur verið breytilegt og boðið upp fjölbreytta valkosti. Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnaði, búnað, leikvöll og nærumhverfi. Lögð er áhersla á að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barnanna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái notið sín. Börnin fá að starfa og leika á sínum forsendum, þroska og þjálfa alla hæfileika sína. Í leikskólanum hafa börnin aðgang að fjölbreyttu leikefni, leiknum er gefið rými í dagskipulaginu og börnunum gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.



Samþætt og skapandi leikskólastarf



Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Börn vinna út frá sjálfstæði sínu og í samskiptum við aðra. Þannig læra börnin af öllu því sem þau taka sér fyrir hendur í leik og daglegu starfi jafnt úti sem inni.

Læsi og samskipti

Börn hafa 100 mál sem þau nýta til samskipta við aðra á fjölbreyttan hátt. Börnin nýta margvíslegan efnivið til tjáningar, þau hafa þörf fyrir að skiptast á skoðunum, ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Tjáningarform og læsi barna birtist á ýmsan hátt: í leik, með látbragði og leikrænni tjáningu, snertingu, hljóðum, tónlist, myndsköpun og hreyfingu.

Í leikskólanum Marbakka teljum við að börnunum gefist tækifæri til að vera sjálfstæð, glöð og skapandi eins og kemur fram í einkunnarorðum skólans. Kennarar spyrja börnin opinna spurninga og leita svara með þeim á gagnrýnin hátt. Börnin læra að lesa í umhverfi sitt og nýta tungumálið til að setja orð á atburði, tilfinningar og hluti. Þau öðlast skilning á rituðu máli og táknmyndum, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og læra að bera virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Sjónrænt dagskipulag er notað til að auðvelda börnunum að lesa í umhverfið með sjónrænum vísbendingum.



Félagsfærni og sjálfsmynd barna styrkist í sjálfsprottum leik, samskiptahæfni þeirra og frumkvæði eflist. Börnin semja sögur og ljóð, deila skoðunum sínum og hugmyndum og eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum sín á milli.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Í Marbakka fara öll börn út að jafnaði einu sinni á dag allan ársins hring. Þá daga sem ekki er hægt að vera úti er reynt að bjóða upp á hreyfistundir á deildum. Í útiveru eru börnin virkjuð í alls konar leiki og hvött til að nota allan leikvöllinn, ganga, klifra, hlaupa, og hoppa. Þau eru hvött til hópleikja og farið er í alls kyns vettvangsferðir.

Í Marbakka er áhersla lögð á hollt og næringarríkt fæði (heimilismat). Börnin eru hvött til að smakka allan mat. Boðið er upp á grænmeti í hádeginu og ávaxtastund er 1x á dag.

Morgunmatur er í boði alla daga. Áhersla er lögð á þægilegt andrúmsloft, notalega stund og þannig gefast tækifæri til að ræða saman um það sem börnunum er hugleikið hverju sinni.

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Einnig er svefn og hvíld stór áhrifaþáttur í líðan barna. Ef börnin eru úthvíld eflir það athygli og úthald á löngum starfsdegi þeirra. Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin. Til að börnunum líði vel og finni sig örugg í leikskólanum er lögð áhersla á góð samskipti og samvinnu við foreldra.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Leikskólar starfa eftir umhverfisstefnu Kópavogs.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs.

Að dregið verði úr umfangi sorps frá leikskólanum.
Að sorp verði flokkað og endurnýtt eftir því sem kostur er.
Að börnin taki þátt í að flokka sorp og flytja það í jarðgerðartunnur og gáma.
Að börnin læri að endurnýta á sem fjölbreytilegastan hátt.
Að yfirfara neysluvenjur með tilliti til betri nýtingar.

Marbakki og umhverfið

Fjölbreytileiki umhverfissins byrjar í garðinum kringum leikskólann, þar sem börnin þjálfa jafnvægi og líkamsstyrkingu. Þau upplifa árstíðir og breytingar í náttúrunni og stunda ræktun í matjurtagörðum. Börnin upplifa og rannsaka efnivið náttúrunnar s.s. vatn, laufblöð, steina, mold, sand, tré o.fl.

Nánasta umhverfi er svo fjaran, sjórinn og dýralífið tengt því og efniviður fjörunnar er nýttur í skapandi starfi barnanna. Stutt er við áhugahvöt barna með því að kennararnir hlusta eftir og reyna að átta sig á hvernig börnin hugsa og skilja hlutina. Börnin fá tíma og tækifæri til að kanna og læra sambengi fyrirbæra í umhverfinu.

Ýtt er undir vísindalega hugsun og börnin aðstoðuð við að sjá tengsl, orsaka og afleiðingu og þannig er skilningur þeirra styrktur. Skapandi starf úr endurnýtanlegum efniviði er markvisst notað og þannig læra börnin að endurnýta á fjölbreytilegan hátt. Stefnt er að draga úr umfangi sorps og farið yfir neysluvenjur með tilliti til betri nýtingar, þannig er vitund barnanna virkjuð.



Marbakki og samfélagið

Í leikskólanum er stefnt að því að búa til umhverfi þar sem hver einstaklingur getur notið sín. Sterkt og sjálfstætt barn með góða sjálfsvitund á auðveldara með að bera ábyrgð og vera virkur samfélagsþegn.

Börnin fá að taka þátt í ákvörðunum, vali á leikefni, leiksvæði, matseld og fatavali svo eitthvað sé nefnt. Framkvæmdin fer fram í gegnum val, lýðræðislegar kosningar og mati elstu barnanna hverju sinni.

Sjálfsvitund, virðing og samfélagslegs vitund er t.d. styrkt með því að hafa virkt fjölmenningasamfélag í leikskólanum sem jafnt fullorðnir sem börn upplifa og skapa.

Sköpun og menning

Menning barna er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik þeirra, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.



Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Það er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og byggir hún á skynjun þeirra og reynslu. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu

sem á sér stað þegar hugmyndir tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að styðja við sköpunarkraft og örva skynjun barna. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði, og efla sjálfstæði þeirra. Hlutverk kennara er að hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Kennari skal halda uppi umræðum um viðfangsefni sem börnin velja, kynna fyrir þeim efnivið, áhöld og umhverfi verkefnisins sem vekur áhuga og eykur reynslu. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og lausnarleit. Kennarar búa börnunum aðstæður til tjáningar og sköpunar, í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfið sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margskonar reynslu. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman.

Á öllum deildum leikskólans er unnið að skapandi starfi af ýmsum toga, en mismunandi leiðir eru farnar eftir aldri og þroska barnanna. Börnunum er kennt að skilgreina hlutina, sjá þá innan frá og frá öllum hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka að lokum afstöðu og þróa þannig með sér gagnrýna hugsun. Börn eru gullnáma og hlutverk hinna fullorðnu er að fá gullið til að glóa.



Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanaum Marbakka eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk en börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Í Marbakka er lögð mikil áhersla á að mat sé ekki notað í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum. Vinnuaðferð Reggio Emilia byggir á að líta þurfi til þess að einstaklingar eru misjafnir og styrkleikar þeirra og námsleiðir einnig.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í Marbakka er lögð sérstök áhersla á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Markmiðið er að allir finni fyrir vingarlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og sýnum við fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og því er lögð áhersla á góða samvinnu kennara og foreldra.



Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem eru að byrja í leikskólanum er haldinn að vori. Aðlögun barna fer oftast fram að hausti og er svokölluð „þátttökuaðlögun“ þar sem foreldrar fylgja börnum sínum þrjá fyrstu dagana í leikskólanum. Börn og foreldrar kynnast því leikskólanum og kennurum saman. Auk þess kynnast foreldrar betur innbyrðis. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Foreldrum er sérstaklega boðið í leikskólann á ýmsum dögum sem tengjast hefðum og hátíðum. Hagnýtar upplýsingar koma fram á upplýsingatöflum við deildarnar og á heimasíðu leikskólans, þar geta foreldrar séð hvað börnin eru að fást við.

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári oftast að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt fyrir foreldrum. Samhliða foreldrafundinum er aðalfundur foreldrafélagsins. Almenn foreldraviðtöl fara fram á vorönn en foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og fundar nokkrum sinnum á ári. Í stjórn þess eru fimm foreldrar, einn frá hverri deild og jafn margir varamenn, þar að auki situr einn tengiliður frá leikskólanum. Foreldrafélagið skipuleggur ýmsa viðburði í samstarfi við leikskólann. Í Marbakka er einnig starfrækt foreldraráð í því eru þrír foreldrar sem funda með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra tvisvar til þrisvar á ári. Foreldraráð metur faglegt starf leikskólans með því meðal annars að lesa yfir árlega og gefa umsögn um starfsáætlun og námskrá leikskólans.

Tengsl skólastiga

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Formlegt samstarf er við Kársnesskóla. Kennarar elstu barnanna í Marbakka ásamt kennurum í Kársnesskóla undirbúa og útfæra samstarfið. Sérkennslustjórar beggja skóla funda á vorin vegna barna með sérþarfir og halda síðan samstarfi áfram fram á haustið. Börnin úr fyrstu bekkjum Kársnesskóla koma einu sinni á vetri í heimsókn í Marbakka og elstu börnin í Marbakka fara tvisvar í heimsóknir í Kársnesskóla og taka þátt í og fá kynningu á starfi grunnskólans.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlunina sem síðan er staðfest af leikskólanefnd.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfinu er tvíþætt, annarsvegar innra mat, unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans. Hins vegar er ytra mat sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Innra mat í leikskólum

Kennarar Marbakka meta starf sitt og aðbúnað til náms annað hvert ár með ECERS kvarðanum, sem er staðlaður matslisti sem tekur til allra þátta leikskólastarfsins. Sama ár er gerð könnun meðal foreldra um starfsemi leikskólans sem gefur kennurum góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Annað hvert ár (á móti ECERS kvarðanum) gera kennarar einstaklingsmat um eigin velgengni og líðan í starfi og einnig mat á starfi stjórnenda í leikskólanum.

Einu sinni á ári gera börnin í Marbakka mat á leikskólastarfinu út frá sínu sjónarhorni. Markmiðið er að fá fram sýn þeirra á leikskólann og líðan þeirra. Út frá mati barnanna er skólastarf skipulagt, þannig leggja þau sitt af mörkum við þróun leikskólastarfsins.

Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

Ytra mat í leikskólum

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats þar sem m.a. er stuðst við upplýsingar úr könnun fyrir foreldra og kennara, er varðar mat á starfi leikskólans.

Námskrá leikskólanas Marbakka er samvinnuverkefni leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og starfsfólks skólans.

Lokaorð

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að hver leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá. Þar á að gera grein fyrir starfsemi leikskólans, markmiðum, leiðum og gildum. Með skólanámskrá þessari vonumst við til að foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar verði betur upplýstir um það starf sem fer fram í leikskólanum Marbakka. Hún gegnir einnig því hlutverki að vera vinnutæki og leiðarvísir kennara.

Grunnhugsun kennara í leikskólanum er að starfa af fagmennsku, sýna virðingu og að öllum börnum og öðrum þeim sem koma að leikskólastarfinu líði vel því það er forsenda alls náms.

Kópavogi 28. janúar 2014

Hólmfríður Sigmarsdóttir skólastjóri

Jóna Björg Jónsdóttir aðst.skólastjóri.



LEIKSKÓLINN MARBAKKI

marbakkabraut 4 - 200 kópavogur - sími 5641112 - netfang marbakki@kopavogur.is

6. febrúar 2014